
HITAVEITA FRÁ REYKJUM Í HJALTADAL

Eftirlit með hitaveituvatni 1992

Guðrún Sverrisdóttir

GSv-93/06

Maí 1993





ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HITAVEITA FRÁ REYKJUM Í HJALTADAL

Eftirlit með hitaveituvatni 1992

Guðrún Sverrisdóttir


GSv-93/06

Maí 1993

HITAVEITA FRÁ REYKJUM Í HJALTADAL **Efnasamsetning vatns**

Í nóvember 1992 tóku starfsmenn Orkustofnunar sýni til efnagreiningar af jarðhitavatni úr holu 1 að Reykjum í Hjaltadal. Vatnið úr holunni er nýtt til hitaveitu á Bændaskólanum á Hólum og bæjum í Hjaltadal, auk þess er það notað í fiskeldisstöðinni Hólalax. Síðast var vatnið úr holu 1 efnagreint haustið 1988, þannig að nokkuð langt er á milli þess að efnasamsetning þess er athuguð. Þar sem jarðhitavatn er nýtt að einhverju ráði er mælt með árlegri sýnatöku og efnagreiningu sem lágmarkseftirliti til að bregðast megi við í tæka tíð ef breytingar verða á efnasamsetningu vatnsins.

Hitastig vatnsins og súrefnisstyrkur var mældur við sýnatöku, sýrustig, karbónat og brennisteinsvetni samdægurs. Önnur efni voru greind síðar á efnarannsóknarstofu Orkustofnunar. Í töflu 1 eru niðurstöður greiningarinnar í aftasta dálki. Til samanburðar eru greiningar sem voru gerðar árin 1986-1988. Í töflunni sést að engin marktæk breyting hefur orðið á efnasamsetningu vatnsins á þessum árum. Þess má geta að á meðan eingöngu er nýtt sjálfrennsli úr holu með svo mikil rennsli, eins og lengi var gert í Hjaltadal, er ekki við breytingum í efnasamsetningu að búast. Dæling úr holunni og aukin vatnsvinnsla getur aftur valdið breytingum á jarðhitakerfinu, en hugmyndin með efnaeftirliti er einmitt að sjá breytingar fyrir áður en þeirra verður vart í vinnsluvandamálum. Í þau skipti sem súrefni hefur verið mælt hefur alltaf mælst talsvert af því í holunni. Það er í rauninni nógu mikil til að geta valdið tæringu í stálleiðslum, en hinsvegar mælist dálítið brennisteinsvetni í vatninu, en það eyðir súrefni samkvæmt efnahvarfinu:



Þetta kemur oft í veg fyrir tæringu vegna súrefnirsíks vatns, en hafa ber í huga að brennisteinsvetnið í holu 1 er mjög lítið og ekki víst að það nægi til að eyða öllu súrefni. Hinsvegar er vatnið bæði efnasnautt og ekki mjög heitt, sem vinnur á móti tæringu. Vatnið er neysluhæft, en þó er flúoríðstyrkur á mörkum þess sem alþjóðlegir staðlar telja hámarksagn. Þá er sýrustig hátt, en það gerir vatnið hart til þvotta.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns úr holu 1 á Reykjum (mg/l).

| Dagsetning Númer | 86-04-25 86-0049 | 87-11-05 87-0230 | 88-10-20 88-0187 | 92-11-04 92-0277 |
|---|---------------------|---------------------|---------------------|---------------------|
| Hiti (°C) | 58,9 | 60,0 | 60,0 | 60,0 |
| Sýrustig (pH/°C) | 10,10/21 | 10,01/20 | 10,05/16 | 10,12/19 |
| Kísill (SiO_2) | 93,2 | 95,6 | 95,4 | 95,5 |
| Natríum (Na) | 54,1 | 54,5 | 53,7 | 55,0 |
| Kalíum (K) | 0,6 | 0,7 | 0,6 | 0,6 |
| Kalsíum (Ca) | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,7 |
| Magnesíum (Mg) | 0,00 | 0,03 | 0,00 | 0,002 |
| Karbónat (CO_2) | 15,7 | 19,7 | 15,8 | 16,8 |
| Súlfat (SO_4) | 17,1 | 16,4 | 16,5 | 16,6 |
| Brennist.vetni (H_2S) | 0,05 | 0,10 | 0,07 | 0,08 |
| Klóríð (Cl) | 20,0 | 20,0 | 19,6 | 19,4 |
| Flúoríð (F) | 1,54 | 1,48 | 1,62 | 1,50 |
| Brómíð (Br) | - | - | - | - |
| Bór (B) | 0,46 | - | - | 0,49 |
| Uppleyst efni | 247 | 236 | 223 | 209 |
| Súrefni (O_2) | 0,05 | - | 0,2 | >0,1 |
| $\delta^{18}\text{O}$ (‰ SMOW) | -14,25 | -14,30 | - | - |

